

19. fundur skólaráðs – 20. maí 2025

Fundurinn hófst kl. 8:10

Mættir: Margrét Halldórsdóttir skólastjóri, Íris Huld Chrustersdóttir og Hákon Steinsson fulltrúar foreldra, Alma Auðunardóttir og Sigurveig Birgisdóttir fulltrúar kennara og Arnheiður Guðmundsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins. Fulltrúar nemenda voru Mattea Líf Kristinsdóttir og Egill Seljan Arnarson.

Dagskrá:

1. **Skólalóð Engidalsskóla** – Byrjuðum fundinn að taka hring á skólalóðinni og skólastjóri fór yfir breytingar sem orðið hafa á henni síðasta áratug. Skólalóðin hefur í þrígang verið skert. Fyrst var tekið af henni töluvert svæði beggja megin við húsið fyrir leikskólann Álfaberg, næst var tekið af henni fyrir bílastæði og nú í vor er verið að taka af henni fyrir fleiri bílastæði og stækkun á skólalóð Álfabergs. Skólastjóri hefur sent fyrirspurn til Umhverfis- og skipulagssviðs og meðal annars óskað eftir uppmælingu á skólalóðinni og þeim fermetrum sem eftir eru sem skólalóð fyrir nemendur Engidalsskóla.

Myndin hér fyrir neðan er tekin úr kortasjánni.



- Bleika línan er lóðamörkin.
- Guli liturinn er það sem búið er að taka af skólalóð Engidalsskóla fyrir leikskólann Álfaberg.
- Græni liturinn er það sem á að taka af skólalóð Engidalsskóla fyrir leikskólann Álfaberg núna í sumar.
- Blái liturinn er það sem búið er að taka af skólalóð Engidalsskóla fyrir bílastæði (sem skorti sérstaklega eftir að leikskóli kom í húsið).

Farið var yfir hugmyndir nemenda og allir voru sammála um að þar leyndust góðar hugmyndir. Skólastjóri á von á hugmyndum frá stjórn foreldrafélagsins í dag.

Fundarmenn voru sammála um að hægt væri að nýta A - völl betur og hugmyndir voru um fjölnotavöll með góðu undirlagi þar sem hægt væri að spila körfubolta, fótbolta og handbolta. Hugmynd nemenda um niðurgrafið trampólín fékk líka góðar undirtektir. Fram kom í máli foreldra að þeim fyndist það til fyrirmyndar að leitað sé eftir hugmyndum frá foreldrum og börnum.

2. **Skipulag skóladags næsta vetur** – Skólastjóri fór yfir minniháttar breytingar á skóladegi yngsta stigs næsta vetur en þær frímínútur sem legið hafa að matartímanum, stundafriður, verða stytta um 10 mín. og verða 20 mín. í stað 30 mín. Í vetur hafa flestir verið komnir út 10 mín eftir að matartími hefst og hafa verið að fá 40 mín. frímínútur sem næsta vetur verða þá bara 30 mín eða 20-30 mín (fer eftir hversu lengi þau eru að borða).
3. **Ráðningar** – Skólastjóri fór yfir hvernig gengið hefur að ráða starfsfólk fyrir næsta vetur. Mikill stöðugleiki er í kennarahópnum og að öllum líkindum verður enginn nýr kennari við skólann næsta vetur. Nýr skrifstofustjóri, Inga Rákel Einarsdóttir, hefur störf í ágúst næstkomandi og nýr aðstoðardeildarstjóri tómstundamiðstöðvar, Gabriella Ósk Egilsdóttir, á svipuðum tíma.

Önnur mál:

- Umsjónarkennarar næsta vetur – ósk kom frá fulltrúa foreldra um að foreldrum verði tilkynnt um hvaða umsjónarkennarar verða með hvaða bekk tímalega og áður en nemendur fá þær upplýsingar.

Fundi slitið kl. 9:00